

**Nd.**

**100. Nefndarálit**

**[48. mál]**

um frv. til laga um efnahagsmál.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd hefur klotnað um afstöðuna til frv. Meiri hlutinn (BK, JóhH, SI) vill samþykkja það, en SkG og undirritaður eru andvígir því, og gefum við út sitt nefndarálitið hvor.

I. Árás á efnahagslegt sjálfstæði og velferð þjóðar vorrar.

Höfuðatriði þessa frv. og framkvæmdar þess, ef að lögum verður, er að fella íslenzku krónuna, þannig að einn dollar verði 38 krónur, — svipta verkamenn og aðra launþega þeim rétti, er þeir nú hafa haft í tvo áratugi, að fá að verulegu leyti upp bættu með kaupgreiðsluvísitölu þá dýrtíð, er valdhafarnir leiða yfir þá — hækka vexti og draga úr útlánum, — í stuttu máli: koma á harðvitugum yfirráðum peninganna og peningavalds á Íslandi, en draga að sama skapi úr rétti verkalýðs og launþega allra og rýra stórum þeirra hag.

Það er rétt að gera sér fyrst ljóst, hverjar verða afleiðingar þessa frv. og stefnu þess, ef framkvæmd verður, á þjóðarbúskap vörn sem sjálfstæða heild.

Sumir formælendur þess gera sér þessar afleiðingar ljósar, og verður að telja, að þeir stefni visvitandi að þeim sem tilgangi, — aðrir gera sér ekki ljóst, hvað af þessu verki hlýzt.

1. **Innlimun Íslands í markaðskerfi hins alþjóðlega auðvalds.** Ein höfuðafleiðing þessa frv og sú, sem talin er höfuðkostur þess af ýmsum formælendum, er að gera til að byrja með 60% af íslenskum innflutningi „frjálsan“, en stefna að því að gera allan innflutninginn „frjálsan“. Þetta hefur það í för með sér að gera íslenzkan útflutning háðan öllum þeim verðsveiflum, sem gerast á venjulegum mörkuðum auðvaldsþjóðfélaga, og leiða yfir Ísland í miklu ríkara mæli en áður hættur af kreppum þeim, sem einkenna auðvaldsþjóðfélögin og Ísland hefur áður fengið alvarlega á að kenna.

Hingað til hefur verið leitast við, að visu á mjög ófullkominn hátt, að gera íslenzkan þjóðarbúskap að sjálfstæðri efnahagsheild, er reyndi að tryggja sem best velferð þjóðarinnar með heildarsamningum út á við og eftirliti og yferráðum ríkisins yfir innflutningnum. Íslenska ríkið hefur gert heildarsamninga um þriðjung allrar utanríkisverzlunar sinnar við Sovétríkin og önnur lönd sósíalismsans og með því móti lagt grundvöll að afkomuöryggi fyrir þjóðina og fullri atvinnu fyrir alþýðu manna. Þessi miklu viðskiptasambönd við lönd sósíalismsans hafa verið hornsteinn efnahagslegs sjálfstæðis íslensks þjóðarbúskapar. En þau hafa um leið verið þyrnir í augum auðmannastéttanna í Vestur-Evrópu og Bandaríkjunum, og sérfræðingar þeirra hafa ekki farið neitt dult með það í ritum sínum og fyrirlestrum, að þessi sambönd þurfi að rjúfa, — þau séu pólitískt hættuleg því alþjóðlega auðvaldi, sem vill ná tökum á Íslandi. Þessi viðskiptasambönd voru hafa verið oss góður bakhjarl í efnahagslegri sjálfstæðisbaráttu vorri, eins og vel kom í ljós eftir 1952, þegar brezka auðvaldið ætlaði með fiskisölubanni á oss Íslendinga að brjóta oss á bak aftur fyrir að stækka fiskveiðilandhelgina, en Sovétríkin björguðu fiskisölumálum vorum með samningnum, er gerður var 1953.

Auðvald Vesturlanda og Bandaríkjanna beitir einkum fyrir sig stofnunum eins og Efnahagssamvinnustofnun Evrópu og arftökum hennar og Alþjóðabankanum til þess að knýja fram þá stefnu í efnahagsmálum Íslands, sem auðvaldinu er mest að skapi. Lærðir menn og sérfræðingar þessara stofnana eru látnir rannsaka efnahagsmál Íslands og kveða upp sinn dóm út frá sínum trúarsetningum. Og þær miðast allar við það, að það eitt sé Íslandi sáluhjálplegt að koma á „frjálsri verzlun“ við Vesturlönd, en aldrei er orð um það í slíkum ritgerðum, hvernig Ísland geti best tryggt afkomu sína. Um það skeytir hið alþjóðlega auðvald og stofnanir þess engu. Því er nóg að tryggja sér markað á Íslandi fyrir vörur frá iðnaðarlöndum auðvaldsins og skuldskeyta sér Ísland, — en hugsar ekki um, hvar og hvernig vér Íslendingar skulum selja okkar vörur. Um það eru aðeins látnar í ljós í lærðum ritgerðum sérfræðinganna almennar vonir og óskir. En reynslan af fjandskap brezkra auðmanna og verðsveiflum og kreppum auðvaldsmarkaðsins er oss Íslendingum þyngri en nokkur almenn orð lærðra ábyrgðarlausra sérfræðinga.

Það, sem er höfuðástæðan til þess, að sú stefna, sem í frv. felst, er nú tekin upp, eru pólitískir hagsmunir auðmannastétta Vestur-Evrópu og Bandaríkjanna, sem vilja ná efnahagslegum tökum á Íslandi, innlima þjóðarbúskap Íslendinga í kreppubúskap sinn og gera Ísland sér háð.

Þessi stefna er í mótsetningu við hagsmuni Íslands, og hún mundi, ef framkvæmd væri, grafa undan þeim viðskiptum við lönd sósíalismsans, sem eru hornsteinn efnahagslegs öryggis þjóðarinnar.

Það kemur ekki hvað sízt fram þessa dagana, hve örlagaríkt það væri að láta auðvald Vestur-Evrópu og Bandaríkjanna ná tökum á þjóðarbúskap vorum, þegar Sovétríkin nú hafa gert við Ísland nýjan viðskiptasamning, þar sem þau lækka verð á olíu og benzini, sem þau selja oss, en hækka hæði magn og verð á karfaflökum. En á sama tíma er sölutregða á fiskflökum á auðvaldsmörkuðunum og

verðlækkanir þar á fiskmjöli og síldarlýsi á sömu mörkuðum, svo að til vandræða horfir.

Það verður því fyrst og fremst að skoða þetta frumvarp sem árás erlends auðvalds á Ísland og efnahagslegt sjálfstæði og öryggi þess til þess að gera sér land vort undirorpið, svo sem þegar fram gengur af þeirri viðskiptastefnu, er það gerir ráð fyrir. Og skulu nú fleiri rök færð fyrir því, að svo sé.

2. Ísland gert háð alþjóðlegum lánsstofnunum auðvaldsins með allt að 800 millj. króna yfirdráttarláni. Samkvæmt frumvarpinu á að heimila ríkisstjórninni að taka hjá Evrópusjóðnum og Alþjóðabankanum yfirdráttarlán til skamms tíma, er geta numið allt að 20 milljónum dollara eða tæpum 800 milljónum íslenskra króna. Þessi lán má ekki nota til fjárfestingar í fyrirtækjum, er gætu framleitt gjaldeyri eða sparað gjaldeyri, með öðrum orðum: Það má ekki nota þau til neins, er gæti eflt efnahagslegt sjálfstæði Íslands. Þessi lán má aðeins nota til vörukaupa í auðvaldslöndunum, með öðrum orðum: auðhringir Vesturlanda og Bandaríkjanna vilja fá að fylla íslenskan markað af vörum sínum, eins og vér getum við tekið. En það er enginn nýr möguleiki opnastur til þess, að Ísland geti selt sínar afurðir í þessum löndum, með öðrum orðum: Ísland á að taka yfirdráttarlán til skamms tíma fyrir neyzluvöru og til eyðslu án þess að hafa nokkra tryggingu fyrir að geta borgað það lán til baka. Hér er því um að ræða hættulegt tilræði við efnahagslegt sjálfstæði landsins, ljótan leik, sem fyrr en varir getur orðið til að gera Ísland fjárhagslega háð auðvaldi Vesturlanda og Bandaríkjanna, svipað og skuldugur kotbóndi forðum erlendum einokunarkaupmanni, er prangaði út í hann vörum sínum, en réð síðan verðlagi framleiðslu hans og arðrændi hann eftir mætti.

Í skjóli svona vöruláns yrði innflutningi varanna frá auðvaldslöndunum beint jöfnum höndum gegn þeim fyrirtækjum innlends iðnaðar, sem yrðu fyrir barðinu á honum, og gegn innflutningnum frá löndum sósíalísmans. Og þótt ýmislegt megi að íslenskum iðnfyrirtækjum finna, þá hafa þau þó hjálpað til að tryggja hér fulla atvinnu, — og iðnaðarframleiðsla sósíalísku landanna, sem hingað hefur verið flutt, hefur tryggt okkur markað fyrir fisk vörn, er hyrfi, þegar iðnaðarvörum þessara landa væri rutt af markaðnum í skjóli þessa 800 milljóna króna vöruláns.

Svona vörulán yrði snara um háls þjóðarinnar, er erlent auðvald gæti síðan hert að, þegar því byði svo við að horfa.

3. Ísland yrði gert erlendu auðvaldi gírnilegt til arðráns. Með því að hækka dollarann upp í 38 íslenskar krónur og enskt pund í 106 kr. yrði erlendu auðvaldi sköpuð slík arðránsaðstaða hér á landi sem það aldrei áður hefur haft síðan land vort varð sjálfstætt. Ef ríkisstjórninni tækist að framkvæma yfirlýsta stefnu sína um að halda kaupverkalýðs og annarra launþega niðri þrátt fyrir gífurlega vaxandi dýrtíð, þá yrðu vinnulaun íslenskra verkamanna frá sjónarmiði auðvaldsins í Ameríku og Vestur-Evrópu ein hin lægstu í heimi. Kaup hafnarverkamanna í Bandaríkjunum er nú um 3 dollarar á klukkustund, eða tæpar 120 kr. eftir hinu fyrirhugaða nýja gengi, kaup stáliðnaðarverkamanna er þar 2—4 dollarar eða 80—160 kr. á klukkustund eftir nýja genginu. Kaup fátækustu verkamanna, einkum í Suðurríkjum Bandaríkjanna, sem lögskipað er þar til að vernda verkamenn þessa gegn ósvífinni kúgun stóratvinnurekenda, er 1.00 — einn — dollar á klukkustund, eða 38 ísl. nýjar krónur. Og Eisenhower Bandaríkjaforseti lýsti því nýlega yfir, að þetta lögboðna lágmarkskaup þyrfti að hækka upp í 1.25 dollar eða rúmar 47 ísl. krónur á klukkustund. — En hér ætlar íslensk ríkisstjórn sér að reyna að halda launum íslensks verkalyðs í 20 krónum á klukkustund eða helmingi þess, sem fátækustu, samtakalausir og kúgaðir svertingjar Bandaríkjanna hafa. Að nokkrum Íslendingi skuli detta í hug, að frjálsir, íslenskir verkamenn muni una stundinni lengur slíkum þrælakjörum, er svo annað mál.

En tilgangur auðvaldsins í Vestur-Evrópu og Ameríku með því að heimta krónu íslenska lýðveldisins og vinnulaun íslenskra verkamanna lækkuð svona gífurlega — en dollar og pund hækkað — er greinilega sá að skapa sér fjárhagslegar

forsendur fyrir því að geta rekið völdug fyrirtæki á Íslandi með ódýru vinnuafli „hinna innfæddu“ — með öðrum orðum: gera Ísland á ný að nýlendu, sem útlent auðvald geti arðrænt að vild, en íslenzka þjóð að ódýru vinnuafli fyrir illvígustu auðhringi heims. Þessi tilgangur þarf að verða ljós öllum þeim, er að frumvarpinu standa og ábyrgð taka á því að framfylgja því.

## II. Árás á lífskjör verkalýðs og allra launþega og á samningsréttindi verkalýðs-samtakanna.

Íslenzkur verkalýður og aðrir launþegar á Íslandi hafa nú um 18 ára skeið sakir harðrar pólitískrar og faglegrar baráttu sinnar, langrar vinnu, góðra afkasta og mikillar atvinnu á vissum tímabilum skipað allháan sess meðal verkalýðsstétta heims hvað lífsafkomu snertir.

Verði þetta frv. að lögum og stefnu þess framfylgt, yrði íslenzkum verkalýð hruðið úr þeim sessi og settur um lífsafkomu skör lægra en flestar verkalýðsstéttir nágrannalandanna.

Höfuðárás sú, er af samþykkt frv. og framkvæmd mundi hljótast, felst í eftirfarandi:

1. **Vísitala á kaupgreiðslu afnumin og bönnuð með lögum.** Með frv. er bannað að reikna áfram vísitölu á kaup, svo sem tíðkast annars staðar á Norðurlöndum og tíðkæst hefur hér í tvo áratugi. Verkalýðssamtökin knúðu fram vísitölu á kaupgjald 1942, og síðan hefur hún verið ein höfuðvernd alþýðu gegn þeirri dýrtíð, sem gróðamenn og valdhafar hafa leitt yfir þjóðina. Það er mikill misskilningur að kenna vísitölnni um verðbólguna. Vísitalan er aðeins sú ráðstöfun, er að nokkru léttir dýrtíðarfarginu af alþýðuheimilunum og hindrar, að ósvífnir valdhafar geti niðzt á almenningi með því að hækka vöruverð, en láta almenning enga uppbót fá fyrir slíkar aðgerðir. Þeir, sem rugla saman verðbólgu og vísitölu, rugla saman orsök og afleiðingu.

Hitt er svo annað mál, að ósvífnir kaupahéðnar hafa unað því illa að fá ekki að rýja almenning með hækkuðu vöruverði, án þess að alþýðu manna kæmu nokkrar bætur fyrir. Með þessu frv., einkum 23. gr. þess, fá þeir þá ósk sína uppfyllta að geta aukið dýrtíðina og látið alþýðuna borga.

Þessi lagagrein er frekleg skerðing á helgi þeirra samninga, er verkalýðsfélag hafa gert við atvinnurekendur. Eitt höfuðatriði þessara samninga er afnumið með lögnum. En á sama tíma er svo verkamaðurinn, sem skuldbundið hefur sig til að greiða þeim, sem á vísitöluskuldabréf, neyddur til þess að greiða hækkun á því samkvæmt hækkun framfærsluvísitölnnar, sem mun nú hækka stórum sakir aðgerða ríkisstjórnarinnar, en þol verkamannsins til að standa undir þeim greiðslum minnkar að sama skapi.

Er nú ljóst, að ólíkt er aðhafzt af hálfu ríkisstjórnarinnar eftir því, hvort peningar eða vinnuafli lifandi manna á í hlut. „Réttur“ peninganna er í hávegum hafður, en réttur hins vinnandi manns, er verðmætin skapar, er fótum troðinn. Sést nú, að hin nýja stefna er furðu gömul: sú stefna þess, er auðinn á, að troða á þeim, sem vinna.

Afnám vísitölnnar er brot á réttindum verkalýðs og allra launþega.

2. **Lækkun krónunnar án vísitöluuppbótar á kaup er gífurleg launalækkun.** Með gengislækkuninni bótaalausri mun láta nærri, að launakjör verkamanna og annarra launþega — en þeir eru samtals 75% Íslendinga — verði skert um eða yfir 20%. Flestar útlendar vörur hækka um 20—60%. Hagfræðingar ríkisstjórnarinnar telja, að vísitalan hækki ekki nema 14%, en þá er hin algerlega falska húsaleiguvisitala þar í, og þar að auki er það gömul reynsla frá 1950, að hagfræðingar ríkisstjórnar áætla dýrtíð miklu lægri en hún verður, jafnvel aðeins helming þess.

Jafnvel fyrir það heimili vísitölu-fjölskyldunnar, sem fær fyllstu ríkisstjórnarbætur, lítur dæmið þannig út, að nettó-launalækkun aðeins vegna áhrifa gengis-

lækkunarinnar einnar verður 11%, en 23% hjá því vísitöluheimili, sem ekki nýtur bótanna, svo sem sjá má af eftirfarandi dæmi:

Í nágildandi framfærsluvísitölu er miðað við meðalheimili, sem er 4,2 fjölskyldumeðlimir. Tekjur vísitöluheimilisins eru nú taldar 60900 kr. á ári. Samkvæmt því, sem helzt verður áætlað um verðlagshækkunarir, má telja líklegt, að áhrif gengislækkunarinnar á útgjöld vísitöluheimilisins verði þessi:

<i>Útgjaldaliðir fyrir gengisbreytingu.</i>		<i>Áætluð verðhækkun.</i>
Matvörur .....	kr. 23 000.00	20% kr. 4 600.00
Húsnæði .....	— 10 200.00	10% — 1 020.00
Hiti, rafmagn o. fl. ....	— 900.00	25% — 975.00
Fatnaður, álnavara o. fl. —	10 000.00	30% — 3 000.00
Ýmis útgjöld .....	— 13 800.00	30% — 4 140.00

Kr. 60 900.00 Hækkun kr. 13 735.00

Hækkuð útgjöld vísitöluheimilisins yrðu samkvæmt þessu 13 735 kr., eða um 23%.

Séu nú aftur á móti athugaðar þær bætur, sem ríkisstjórnin ráðgerir að veita þessu heimili til þess að draga nokkuð úr hinni miklu kjaraskerðingu, þá eru þær þessar:

1. Tekjuskattur vísitöluheimilis er nú ..... kr. 1 100.00
2. Aukning fjölskyldubóta vísitöluheimilisins verður ..... — 5 500.00

Auknar bætur alls kr. 6 600.00

Mismunur hækkaðra útgjalda, 13 735 kr., og aukinna bóta er 7 135 kr., sem hin hækkuðu útgjöld eru hærri, en það nemur 11% beinni kjaraskerðingu hjá þessu heimili.

Í þessum útreikningi er aðeins reiknað með verðhækkunum, sem leiðir af gengislækkuninni, en ekki þeirri, sem hækkun söluskatts og hækkun vaxta hefur í för með sér. Vert er að gæta þess, að nettó-kjaraskerðingin verður minnst einmitt hjá vísitöluheimilinu, því að það nýtur tiltölulega hæstra fjölskyldubóta. Kjaraskerðing slíks heimilis mun þó verða að minnsta kosti 11%, en sennilega meiri. Kjaraskerðing annarra verður meiri, eða 11—25%.

Má af þessu sjá, hve gífurleg sú launalækkun er, sem beinlínis væri leidd yfir verkalýð og alla launþega, ef stjórninni tækist að fá fram frv. þetta og framfylgja yfirlýstri stefnu sinni. Er þetta því tvímælalaust harðvítugasta árás, sem framin hefur verið á launakjör íslenzkrar alþýðu.

3. Lífskjörin rýrð með minnkandi atvinnu og hækkuðum vöxtum. En sjálf launaskerðingin með bótalausum vexti dýrtíðarinnar er ekki eina skerðingin á lífskjörum verkalýðs og annarra launþega. Sæmileg lífskjör íslenzks verkalýðs hafa ekki hvað sít byggzt á því, að atvinna hefur verið mikil og örugg og verkamenn og aðrir launþegar unnið mikið fram yfir venjulega dagvinnu.

Það er engum efa bundið, að afleiðingar af samþykkt þessa frv., ef að lögum verður, verða þær, að atvinna dregst mikið saman, enda beinlínis að því stefnt með ráðstöfununum viðvikjandi lánsfjársamdrætti, háum vöxtum og minnkaðri kaupgetu. Eitt af því fyrsta, er þá hverfur, verður hin mikla eftirvinna, því þegar harðvítug harðstjórn peningavalds er á komin í þjóðfélaginu, kaupa atvinnurekendur vart vinnuafli á 50% hærra verði en þeir geta ella fengið það. Þegar atvinna gerist stopul, verður því rýrnun lífskjaranna fljótt svo tilfinnanleg, að óviðunandi verður.

Minnkun atvinnunnar og atvinnuleysi, sem að er stefnt með þessu frv., verður því mikil lífskjaraskerðing til viðbótar launalækkuninni.

Þar við bætist svo vaxtahækkunin. Þegar að því er gáð, að um helmingur launþega eða meira mun vera eigendur íbúða, en skulda margir hverjir mikið út á þær íbúðir, þá verður hækkun vaxta bótalaust þung byrði slíkum launþegum. Skuldi launþegi t. d. 200 000 kr. í íbúð sinni, á hann á hættu, að vaxtabyrði, sem auk afborgana væri allt að 16 000 kr. á ári, ykist um allt að 8000 kr., og sést þá, hvílik lífskjararýrnun er í þessari ráðstöfun falin.

Samkvæmt þessu frv. er verið að beita ríkisvaldinu sem kúgunarvaldi til ægilegustu lífskjaraskerðingar, sem nokkru sinni hefur verið framin í sögu landsins.

Það er jafnvítavert að leggja til slíkrar atlögu við alþýðu í landinu til að rýra lífskjör hennar, eins og það er óraunsætt af valdhöfunum að láta sér detta í hug, að alþýða manna sætti sig við slíkt baráttulaust.

### III. Hækkun vaxta og samdráttur lána er árás á allt íslenskt atvinnulíf.

Með þessu frv. á að koma okrinu á sem stefnu á Íslandi: Það á að hækka útlánsvexti upp í 12% og þrengja mjög að öllum greinum atvinnulífsins og að þeim einstaklingum, er nú berjast harðri baráttu fyrir að eignast þak yfir höfuðið. Þessi stefna, ef framkvæmd væri, myndi hafa stórskaðleg áhrif fyrir allt íslenskt atvinnulíf og að öllum líkindum verða til þess að draga úr framleiðslu landsmanna.

Það er mikil firra, er sérfræðingar ríkisstjórnarinnar ráðleggja henni að ætla að koma á harðstjórn peninganna sem sáluhjálparráðstöfun fyrir íslenskan þjóðarhúskap. Það er svo mikill þáttur úr framleiðslu þjóðarinnar að álitu alþjóðar rekinn með það fyrir augum að tryggja atvinnu og gjaldeyrisframleiðslu þjóðarinnar, að hver tilraun til þess að gerbreypa hér um í harðstjórnarátt er dæmd til að mistakast, — en myndi hins vegar, ef hún tækist, verða þjóðinni ægilegt áfall.

Þjóð, sem er að byggja land sitt upp svo ört sem vér eftir aldalanga nýlendukúgun, þarf til uppbyggingar sinnar fyrst og fremst á ódýru fjármagni að halda til þeirra hluta. Og slíkt fjármagn er hægt að fá. Ísland hefur þegar tekið lán í Sovétríkjunum með 2½% vöxtum. Það er engin ástæða til þess að láta hið alþjóðlega auðvald setja þjóð vorri nein skilyrði eða knýja hana til að lúta okrinu sem fjármálastefnu.

Þeim, sem þessu landi stjórna, ber að fagna því að fá að ráða fyrir svo duglegri þjóð sem Íslendingar eru. Og því eiga þeir ekki að gera þeim, sem atvinnu reka eða hús byggja, erfiðara fyrir með óviturlegri takmörkun lána eða með okurvöxtum, heldur þvert á móti láta ríkið og banka þess hjálpa og aðstoða slíka, svo sem að var stefnt, er byggingarsjóði verkamanna, ræktunarsjóði og stofnlánadeild sjávarútvegsins var öllum gert að lána fé með 2½% vöxtum. Og var þó Ísland fátækara þá en nú.

Sá kafli frv., er um okurstefnuna fjallar og sölsa vill undir harðstjórn hennar alla sjóði þjóðarinnar, er einn hinn fráleitasti í þessu frv. En að álitu sérfræðinga ríkisstjórnarinnar er hann ein aðalundirstaða þess.

Þingi og þjóð ber tvímælalaust að hindra yfirdrottnun svo ógiftusamlegrar stefnu sem okursins yfir Íslandi. Og er þá um leið grundvöllur frv. hruninn.

### IV. Áhrif ráðstafananna á útgerðina.

Bátaútvegurinn. Engar skýrslur hafa verið lagðar fram um breytingu þá, sem áætlað er að verði á rekstri meðal-fiskibáts. Slíkt er vítavert, því að auðvitað er eitt þýðingarmesta atriði þessa máls, að ljóst liggi fyrir, hver áhrif lagasetningin muni hafa á rekstur mikilvægustu þátta atvinnulífsins.

Aðspurður upplýsti fiskimálastjóri, Davíð Ólafsson, á nefndarfundum fjárhagsnefndar, að áætla mætti, að fiskverð til báta yrði hækkað um 28% af verði, sem metið væri kr. 2.12 fyrir kg af þorski. Gæti þá fiskverð báta orðið kr. 2.71 fyrir kg. Frá þessu verði mun mega draga 5% útflutningsgjald, sem ráðgert er að leggja á, og er talið, að það lækki hvert kg um 21 eyri. Fiskverð til báta yrði þá kr. 2.50

fyrir kg. Augljóst er, að slíkt fiskverð samsvarar á engan hátt þeim kjörum, sem bátaútvegurinn hefur búið við.

Fiskverð það, sem bátaútvegurinn býr við nú í dag, mun vera sem næst því, sem hér segir:

Fiskverð + uppbætur .....	kr. 2.20 kg.
Vátryggingariðgjöld áætluð .....	— 0.15 —

eða alls kr. 2.35 kg.

Ýmis dæmi munu þó vera um það, að bátar hafi fengið hærra verð en hér er greint.

Sé hins vegar miðað við, að núgildandi kjör bátanna veiti þeim kr. 2.35 fyrir kg af þorski, en eftir gengislækkunina eigi þeir að fá kr. 2.50, þá yrði aðeins um 15 aura hækkun á kg að ræða. Sú litla hækkun í fiskverðinu ætti svo að koma á móti stórhækkuðum útgjöldum í rekstri fiskibátanna. Augljóst mál er, að slík umskipti yrðu bátaútveginum til stórhagræðis frá því, sem nú er.

**Togaraútgerðin.** Allar líkur benda til, að áhrif gengislækkunarinnar fyrir togaraútgerðina yrðu sízt hagstæðari en fyrir bátaútgerðina. Hluti erlends kostnaðar í rekstri togarans er meiri en í rekstri bátsins, og verður því um minni hagnað fyrir togarann að ræða af gengislækkun. Telja má alveg víst, að áhrif gengislækkunarinnar á rekstur togaranna verði þau, að þeir sækji í auknum mæli í útsiglingar með ísvarinn fisk. Áhrif þess yrðu stórminnkuð atvinna í fiskiðnaði landsins og stórminnkandi gjaldeyrisöflun.

**Fiskkaupendur.** Sú meginbreyting yrði með setningu þessara laga á viðskiptum fiskiskipanna og fiskkaupenda (frystihúsanna o. fl.), að fram að þessu hefur með lögum eða opinberum samningum verið gengið frá því verði, sem fiskiskipin hafa átt að fá fyrir fiskinn, og jafnframt hvaða verð fiskkaupendur fengju í sinn hluta. Þannig hefur sú regla gilt, að hátarnir hafa fengið 31.7% af útflutningsbótunum og frystihúsin 48.3%. Nú verður sú breyting samkvæmt frumvarpinu, að fiskkaupendur eða aðrir útflytjendur vörunnar fá raunverulega allar útflutningsbæturnar eða allt söluverðið á hinu nýja gengi. Breytingin verður sú, að frystihús fær raunverulega gamla útflutningsverðið + 135% hækkun gjaldeyrisins, en áður fékk það útflutningsverðið + 48.3% hækkun gjaldeyrisverðsins. Engin ákvæði eru í frumvarpinu um það, hvað fiskkaupandinn á að greiða fiskiskipinu fyrir aflann. Sú hættu er því á, að fiskkaupendurnir stingi í sinn vasa meginhlutanum af þeirri hækkun, sem þeir fá vegna gengislækkunarinnar. Þegar gengislækkunin var samb. 1950, fór það einmitt á þann veg. Þá var talið, að fiskverðið til bátanna ætti að hækka um 18 aura á kg. Reynslan var sú, að engin verðhækkun kom til bátanna.

**Launakjör sjómanna.** Þó að ráðgert sé, að fiskverð hækki allmikið, eða í kr. 2.50 á hvert kg af þorski, er þess þó stranglega gætt í frumvarpinu, að fiskverð til sjómanna skuli alls ekki hækka. Þannig á áfram að reikna bátasjómönnum aflahlut úr kr. 1.66 fyrir hvert kg, þó að verðið til bátanna verði kr. 2.50.

Nú er það öllum ljóst, að kaup sjómanna hefur verið of lélegt að undanförunu. Af því hefur svo leitt það, að nægilega margir sjómenn hafa ekki fengizt á fiskiskipin. Til þess að koma í veg fyrir mestu vandræðin af sjómannaskortinum hefur verið leitað til erlendra sjómanna, og á þann hátt hefur verið hægt að koma í veg fyrir það, að margir tugir fiskiskipa vorra lægju ónotaðir á sjálfri vetrarvertíðinni.

Það sýnist harla einkennileg ráðstöfun til viðreisnar efnahag þjóðarinnar að lækka raunverulega laun sjómanna og gera ókleift með öllu að fá erlenda sjómenn á flotann. Eitt af því nauðsynlegasta, sem gera þurfti, var einmitt að bæta kjör sjómanna og fá þannig fleiri menn til þess að vinna beint að gjaldeyrisöfluninni.

Undirstöðurnar að tillögum sérfræðinganna eru veikar. Of mikið er úr því gert, hve erfitt þjóðinni verði að standa undir greiðslu afborgana og vaxta af erlendum

skuldum á árunum 1960—62. Og strax eftir þau ár minnkar það hlutfall stórum. Strax eftir 1962 fer „hættulega“ hlutfallið niður í svipað og var fram að 1958 og verður eðlilegt. Og þó ber að gæta þess, að þjóðin er færari um að standa undir greiðslu vaxta og afborgana, er nema 5.7% af gjaldeyristekjunum, 1958 en hún var að standa undir 3.2% 1951, sökum þess að lánin, sem aukið hafa afborganir og vexti, fóru að mestu til framleiðsluaukningar.

Og hver er ástæðan til þess, að svona mikið þarf að borga til útlanda 1960—62?

Ástæðan er aðallega sú, að verið er að borga bátá, sem greiðast upp á 2—4 árum, en eru óðum að koma til landsins. Og þessir bátar afla venjulega jafnmikils í gjaldreyri á ári og þeir kosta sjálfir.

Það er því engin ástæða til neins írafárs eða örþrifaráða.

Ég hef nú sýnt, hver hætta væri á ferðum, ef þetta frv. væri samþykkt.

Ég legg því til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 12. febr. 1960.

Einar Olgeirsson.